

Skáld í skólum

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga



Skáld í skólum 2025

Dularfulla bókaráðgátan

Heimur bókana er fullur af leyndardómum: Hvernig verða bækur til? Hvar finnum við þær? Hvar megum við lesa þær? Rithöfundarnir **Kristín Björg** og **Rebekka Sif** hafa dýrkað bækur frá því að þær lærðu stafina og mega því teljast sérfróðar um króka og kima bókaheimsins. Með forvitnina að leiðarljósi biðja þær börnin um að gerast spæjarar til að hjálpa þeim að kanna óþekktar lendur og leysa dularfullu bókaráðgátuna. Fjörugur leiðangur um ævintýraheim bókana!

Rebekka Sif Stefánsdóttir er rithöfundur og söngkona. Hún hefur skrifað þónokkrar bækur, þar á meðal barnabókina *Gling Gló* (2022) og skáldsögurnar *Flot* (2022) og *Trúnað* (2022). Hún starfar einnig sem ritstjóri menningarvefsins *Lestrarklefinn.is* og sem stundakennari í ritlist við Háskóla Íslands. Í frítíma sínum skemmtir hún börnum með söng- og leikhópnum Tónafljóð, en þær eru þekktar fyrir fjörugar barnasyrpur uppfullar af Disney-lögum.

Kristín Björg Sigurvinsdóttir er lögfræðingur að mennt en sneri sér að bókaskrifum árið 2019. Hún er höfundur ungmennabókaflokksins *Dulstafir* en fyrsta bókin, *Dóttir hafsins* (2020), var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Kristín skrifaði einnig léttlestrarbækurnar *Ráðgátugleraugun* (2024) og *Silfurflautan* (2025) og barnabókina *Amelía og Óliver* (2025). Kristín er formaður IBBY á Íslandi og hefur einnig gefið út námsefni fyrir yngsta stigið.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk.**



Skáld í skólum 2025

Alltaf sama sagan?

Hvaðan koma sögur? Er allt nýtt undir sólinni eða er þetta kannski bara alltaf sama sagan með nýjum persónum? Mega rithöfundar nota hvað sem er í sögu? Má njósna, fá lánað eða jafnvel stela? Má gera afa sinn að nærbuxnamódeli í bók án þess að spyrja um leyfi? Eða köttinn sinn að forseta? Við þessar spurningar og miklu fleiri glíma rithöfundarnir **Embla Bachmann** og **Hjalti Halldórsson** á hverjum degi og ætla að deila þælingum sínum með gáfuðustu skepnum jarðar – grunnskólakrökkum á miðstigi. Embla og Hjalti eiga gott og gefandi samtal við nemendur og fá vonandi niðurstöðu í málið í eitt skipti fyrir öll!

Hjalti Halldórsson er rithöfundur, kennari og hlaðvarpsstjórnandi. Fyrsta bók hans, *Af hverju ég?* kom út 2017 og síðan hefur hann skrifað fjölda vinsælla barna- og unglingabóka. Hann starfrækir hlaðvarpið *Ormstungur* og lék einu sinni vesældarlegan viking í *Stundinni okkar*. Hjalti hefur skrifað um allt milli himins og jarðar, allt frá geimverum til jólasveina.

Embla Bachmann hefur frá unga aldri verið mikill bókaormur. Árið 2018 skrifaði Embla smásöguna „Rófulausi hundurinn og hárlausi kötturinn“ sem birtist í rafbókinni *RISastórar smásÖGUR*. Með ljóðinu „Úti er ævintýri“ vann hún svo keppnina Ljóðaflóð árið 2021. Embla var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir *Stelpur stranglega bannaðar!* árið 2024 og fyrir *Kærókeppnina* árið 2025.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk.**

2025



Skáld í skólum 2025

Brennum þessar bækur

Í þessari bráðskemmtilegu dagskrá fara höfundarnir **Berg-rún Íris** og **Elísabet Thoroddsen** um víðan völl. Þær skoða mest bönnuðu bækur heims, hvaða bækur hafa verið brenndar á báli og hvert við stefnum í pólitísku landslagi dagsins í dag. Eru bækur hættulegasta vopn nútímans, eða bara úreld orð á blaði sem flestum er sama um? Hvers vegna skrifuðu konur stundum undir karlmannsnafni? Er siðferðislega rétt að gefa út dagbók eftir að manneskja deyr? Mega höfundar sækja sér efni í bók inn á þitt persónulega TikTok og getur gervigreind jafnvel skrifað og teiknað betur en mannfólkið?

Berg-rún Íris Sævarsdóttir hefur getið sér gott orð sem rit- og myndhöfundur og bækur hennar slegið í gegn hjá lesendum á öllum aldri. Í unglingabókunum *Veikindadegi*, *Nammidegi* og *Skuldadegi* slær Berg-rún nýjan og blóðugri tón, með bráðfyndinni blöndu af hrollvekju og ástarsögu unglings sem þarf bæði að læra á hormónana og sína innri mannætu. Berg-rún hefur brennandi áhuga á bókum, en hefur ekki kveikt í bók ... ekki ennþá allavega.

Elísabet Thoroddsen er hinsegin höfundur, oftast með úfið hár, sem hefur óbilandi áhuga á öllu sem viðkemur hinseginleikanum. Hennar fyrsta bók, draugasagan *Allt er svart í myrkrinu*, kom út hjá Bókabeitunni árið 2021 og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barna- og ungmennabóka. Síðan þá hefur hún skrifað þrjár bækur til viðbótar og er hvergi nærri hætt. Elísabet starfar einnig við kvikmyndagerð og semur smellna lagatexta í hjáverkum fyrir hljómsveitirnar sínar.

Dagskráin hentar best **8. – 10. bekk.**

Skáld í skólum – um land allt!

Höfundamiðstöð RSÍ greiðir ferðir, gistingu og uppihald höfunda. Skólar greiða einungis fyrir flutning á dagskrá. Til þess að ferðir nýtist sem best þurfa skólar á svæðinu að hafa samráð um pantanir.

Lágmarksfjöldi heimsókna í ferð er 4 bókanir.

Verð og tímalengd

Tímalengd: **Ein kennslustund / 40 mínútur.**

Tækjakostur: **Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölvu með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.**

Verð: **50.000 kr.**

Hámarksfjöldi nemenda: **100 á yngsta stigi en 150 á mið- og unglingastigi.**

Tímabil og pantanir

Tímabil: **16. október – 19. nóvember 2025.**

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við höfundana.

Frestur til að panta dagskrár er til **6. október 2025.**

Athugið að mikilvægt er að panta sem fyrst þar sem dagskrár geta verið fullbókaðar á tímabilinu.

Allar pantanir berist á **salka@rsi.is**

Upplýsingar í **síma 568 3190** og á **heimasíðu RSÍ.**



Bókmenntadagskrár Höfundamiðstöðvar RSÍ, **Skáld í skólum**, hafa verið fastur liður í hauststarfi grunnskólanna síðan 2006. Dagskrárnar eru metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita nemendur af lestrar- og sköpunargleði.

Í ár munu sex höfundar heimsækja grunnskóla og fara í ævintýraleiðangur með nemendum og kennurum um veröld bókmenntanna. Dagskrárnar fjalla um allt sem hægt er að skrifa um; fólk og furður, leyndarmál, óvæntar hliðar tungumálsins, heiminn og geiminn!

Dagskrárnar hafa fyrir löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútímabókmennta í grunnskólum landsins, en um 90 ólíkar dagskrár hafa orðið til undir formerkjum þessa vinsæla verkefnis.

rsi.is